

10. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í 1858.
 norður- og austur-umdæminu, um umboðslaun 7. maí.
 R. M. Ólsens.

Þér hafið, herra amtmaður, sent oss með bréfi yðru 18. desember í fyrra beiðni frá R. M. Ólsen, umboðsmanni Þíng-eyra klausturs jarða, er hann biður, að sèr mætti veitast óskerð umboðslaun þau hin vanalegu, meðan hann er settur frá að reka umboðið fyrir sakir landaþrætu mill hans og klaustursins. Þessu svörum vèr á þá leið, sjálfum yður til eptirsjónar, en Ólsen til auglýsingar, að honum geti eigi veizt þessi bæn sín, heldur verði svo að standa, sem segir í bréfi dómsmálastjórnarinnar 22. apríl 1856.

11. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í 11. maí.
 norður- og austur-umdæminu, um ferðakaup læknis.

Þér hafið, herra amtmaður, í bréfi 25. október í fyrra sent oss bónarbréf frá Jóni Finsen, héraðslækni í Eyjafjarðar og Þíngeyjar sýslu, og kvartar hann í því yfir, að amtmaður hafi fært niður reikning sinn, er hann hafi sent honum yfir ferðakostnað og fæðispeninga á ferð þeirri, er hann gjörði að tilhlutun amtmanns um vetrinn 1857, til að rannsaka hörundskvilla á nokkrum sauðum í Eyjafirði. Þá hafið þér skýrt oss frá, að héraðslæknirinn hafi sett upp 3 rd. í fæðispeninga dag hvern, en þér hafið eigi viljað gefa honum nema að eins 1 rd., eptir því sem segir í kanselíbréfi 25. sept. 1845, og þar sem hann hafi sett upp 1 dal í hestlán daglega, þá hafi þér gefið honum að eins 40 sk., er sè hin dýrasta hestleiga, þá er hesti er riðið í almennings þarfir; og síðan hafi þér skotið því til úrræða vorra, hvort borga skuli Finsen lækni reikning hans eður eigi.

Vèr látum yður því vita, herra amtmaður, sjálfum yður til eptirsjónar, til frekari auglýsingar og nauðsynlegrar fram-